

# Pess vegna bjóðum við fram

**eftir Mariú Jóhönnu  
Lárusdóttur**

Í haust er leid var ég beðin að halda erindi um hugmyndafræði kvennalistans á ráðstefnu vestur í háskóla. Eitthvað hafði skolast til í auglýsingum um fundartíma því er ég mætti til leiks sá ég að auk okkar frummælendanna fimm voru einungis mættir fundarstjóri og fundarritari. Nokkrir stúdentar sáust þó á sveimi um gangana og eftir að þeir höðfu verið dregnir inn í salinn nauðugir frá námsbókum sínum var ákveðið að fresta ekki málþinginu. Þótt mér þætti þetta allt dálitið kómískt gat ég ekki varist þeiri hugsun að mér hefði verið nær að verja tíma mínum í e-ð gagnlegra því eins og kvenna er síður hafði ég auðvitað lagt mig alla fram um að gera efninu góð skil og eytt til þess talsverðum tíma, ekki síst þar sem ég vissi að meðal ræðumannna yrðu stórgáfaðir menn og fróðir. Það gladdi því mitt auma hjarta að maður nokkur úr hópi þeirra heilsaði mér alúðlega og sagðist hlakka mikil að að hlusta á mig því hann vissi að borgarfulltrúar kvennaframbodsins hlytu að hafa sterka hugmyndafræði að bakhjárlí svo einardur væri málflutningur þeirra í borgarstjórn — en hann vissi bara ekki — eða skildi ekki öllu heldur — hver i rauninni hún væri. Sem við höfðum nú haldið erindi okkar hvert yfir öðru og ég sérstaklega beint orðum mínum til áhugasama mannsins sneri ég mér að honum og spurði glaðhlakkaleg: Jæja, eru nú einhvers víssari? Ja, það er nú það, sagði blessaður maðurinn, kannski dálitið — en eiginlega ekki.

## Hvað er kvennapolitík?

Þessi saga kom upp í huga minn er ég á vinnustádfundi hér á dögum var spurð að því af hverju við kvennalistakonur værum með sérstakt framboð. „Hvers vegna,“ spurði frómur maður í salnum, „gangið þið ekki til liðs við hinna flokkana og fáið þá til að beita sér fyrir þeim málum sem þið viljið fá fram?“ Hann bætti því síðan við að Kvennalistinn hefði gert margt gott og verið mjög tímabær í síðustu kosningum til að rétta hlut kvenna í valdakerfinu en nú fyndist sér að hinir flokkarnir, eins og hann örðaði það, gætu alveg tekið við, enda væru þeir flestir komnir með konur í efstu sætin. Ég benti manninum að við kvennalistakonur hefðum allt aðra hugmyndafræði en önnur stjórmálafl, okkar politík væri kvennapolitík og reyndi síðan sér um stutta tíma sem mér var úthlutað á fundinum að segja frá því í hvørju hún væri fölgin. Ekki

veit ég hvort mér tókst betur upp en á fundinum í háskólanum fördum, en þetta atvik varð til þess að ég fór að velta því fyrir mér hvers vegna kvennamenning og kvennapolitík, sem ég og aðrar konur skynja og skilja frá hjartans rótum, er óskiljanleg öðrum em jafnvel leggja sig alla fram um að meðtaka boðskapinn? Eru þessi hugtök sumum svona framandi af því þau eru tiltölulega ung í málinu og stutt síðan þau urðu hreinlega til? Eða er efnið of viðamikið til að hægt sé að gera því skil á stundarfjórðungi.

## Að hugsa í öldum

Maður verður að hugsa í öldum, sagði Þorsteinn Ö. Stephens en eitt sitt er ég hitti hann á gangi. Mannkynið er alltaf að batna — maður verður bara að hugsa það í öldum! Þessi orð Þorsteins leiddu huga mínn að því hversu skammur tími það í rauninni er frá því að við Íslendingar háðum sjálfstæðisbaráttu okkar og börðumst fyrir því að Ísland yrði sjálfstætt fullvalda ríki í samfélagi bjóðanna. — Það er að segja ef maður hugsar auðvitað í öldum eins og Þorsteinn lagði til. Hvernig skyldi t.d. Jónas Hallgrímsson hafa brugt við ef velmeinandi Dani hefði undið sér að honum í byrjun 19. aldar þar sem hann var á gangi við skín í kóngsins Kaupmannahöfn — Dani sem aldrei hefði vitað annað en að upp á því útskeri sem Ísland nefndist byggi guðsvoluð bjóð, ef bjóð skyldi kalla, skítug, lúsug, bjóðfótt og drykkfeld, og hann spryrði Jónas si svona: Ég hef heyrta þess getið, stúdent Hallgrímsson, að þér og nokkrir samlandar yrðar hér í Höfn haldið því fram að bjóð yðar eigi sér menningu. Getið þér kannski sagt mér hver hún er? Hvar skyldi Jónas hafa byrjað? Á Eddukvæðum? Fornsögunum og þá hverjum? Hefði hann ekki þurft að byrja á sjálfu landnáminni, heiðinni, Ara fróða og Sæmundi, stofnun Alþingis og segja honum frá hinni glæstu fortíð Íslendinga og rekja sig upp á við? Og skyldi Jónasi hafa tekist að útskýra fyrir Dananum í hverju íslensk menning væri fölgin? Ja, við skulum hugsa okkur á fimmtíðum? Eg held ekki, meira að segja held ég að þótt þeir hefðu setið saman til morguns, Daninn og Jónas, þá hefði Daninn ekki skilið til fulls boðskap Íslendingins.

## Kvennamenning og huldumening

Baráttu Íslendinga fyrir sjálfstæði er nefnilega þegar allt kemur til alls ekki svo ólík frelsibaráttu kvenna. Kvennamenning er tiltölulega nýtt hugtak sem er framandi



eins sýnileg og raunveruleg okkur konum, líkt og huldufólk i bjóðsögunum sem gat ferðast um heim mennskra manna en var þó ósýnilegt.

## Íslensk menning og Hulðan í dalnum

Í upphafi sjálfstæðisbaráttu okkar var íslensk menning hulin sjónum umheimsins. Hún var Hulðan í dalnum, jafngömul bjóðinni og lífsbaráttu hennar en hún var nafnlaus og birtist eingöngu þeim sem á hana trúdu. Hún ól þó jafnan með sér þann draum að stíga frjáls út úr dalnum og sagði börnum sínum og barnabörnum frá glæstri fortíð sinni í formi ljóða og sagna. Það var ekki fyrri en börnini loksns skildu, eitt og eitt, að leið þeirra til frelsis var einmitt fölgin í dalnum sjálfum, sérkennum hans og sögu að hugtakið íslensk menning varð til.

Jónas og vinir hans í Kaupmannahöfn voru þessi börn sem gerðu sér ljóst að lykillinn að frelsinu lægi hjá bjóðinni sjálfrí. Það er þó ekki þar með sagt að sigurinn væri unninn. Þeir þurftu fyrst að sannfæra Íslendinga sjálfa um að þeir ættu sérstaka menningu og sögu sem væri frábrugðin menningu annarra bjóða áður en krafan um sjálfstjórn, að maður tali ekki um rauverulegt sjálfstæði, yrði að raunveruleika. Með ljóðum, sögum og greinum eldu þeir sjálfstraust hennar og stolt til að hún fengi sjálf risið upp og endurheimt frelsi sitt.

## Að hafa karlmannsigildi

Í hálfa öld hafa konur unnið sleitulaust að því að öðlast almenn mannréttindi. Í þeirri baráttu höfum við leitað margvislegra leiða — leiða sem haffa borið mismikinn árangur en hafa skilað okkur hingað sem við erum komnar í dag. Sú sem við þekkjum best og hefur að margra mati skilað okkur lengst til að ná jafnstöðu við karla er að samhæfa okkur karlamenningu. Með því að líkja eftir karlmönnum, klæða okkur eins, hegða okkur eins, hugsa eins og þeir höfum við sannað að við getum gengið inn í hlutverk þeirra. Menntun, þátttaka í atvinnulifí og stjórmálum er konum opíð í dag á þeirri forsendu að konur séu karlmannsigildi. En að baki þessari baráttuaðferð liggur auðvit að sú hugmynd að konur séu annars floks og verði að keppa að því að komast í fyrsta flokkinn. Það er ekki fyrri en nú á síðustu árum, þegar við konur höfum náð nokkurn veginn lagalegri iafnstöðu við karlmann, að við getum farið að snúa okkur að hinu raunverulega frelsi

okkar — andlegu sjálfstæði okkar sem byggir á sérstöðu okkar sem manneskja — því að vera konur.

## Mannréttindabar- átta blökkumanna

Baráttu blökkumanna fyrir sjálfstæði á sér langa sögu sem er um margt hliðstæð frelsisbaráttu Íslendinga og kvenna. Um langt skeið var því haldið að svartingum að ef þeir yrðu sem lískastir hvíta manninum næðu þeir viðurkenningu hans og yrðu jafnréttiháir honum að lokum. Í dag hafa þeir hafnað þessari leið, hafnað því að vera annars flokks. Í stað þess að sléttá á sér hárið og lýsa á sér skinnið til að geta horfið í hóp hinna hvítu er slagord þeirra nú: Black is beautiful. Þeir keppast við að leita heimilda um sögu og menningu svarta kynstofnsins til að öðlast þær rætur sem okkar öllum eru nauðsynlegar til að vera sjálfstæðar manneskjur.

## Huldukonan stígur fram

Rætur íslenskrar menningar liggja djúpt, rætur blökkumanna enn dýpra, en rætur kvennamennings eru jafngamlar mannkyninu. Við kvennalistakonur höfum ekki búið þær til í þeim tilgangi að ergja stressaða þingmenn og rugla kerfið þeirra — né heldur fundu Fjölnismenn og Jón Sigurðsson upp íslenska menningu. Þeir föstruðu hana hins vegar og hlíðu að henni, fetuðu í fótspor manna eins og Árna Magnússonar og drógu hana fram í dagsljósið út úr dimmum skúmaskotum íslenskrar niðurlægingar svo að hún fengi að vaxa og blómstra og umfram allt þróast áfram.

Út um allan heim eru konur nú að leita uppi hina týndu sögu kvenna. Gömlum sannindum er velt við og nýju ljósi beint að því sem hingað til hefur legið óhreyft á kistubotnum öldum saman. Við þekkjum allar þá sögu er gömul slitur úr skinnbók fundust á rúmbotni fátækrar konu sem hafði reynt að nýta þau án árangurs sem fæðu fyrir börnin sín eða sem leppa í skósóla þeirra. Þegar betur var að gáð reyndust þessar fánýtu skinnþjötlur dýrmætt innlegg í menningarsögu okkar og um leið sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Slitur hingað og þangað, sem fram til bessa hafa þótt einskis nýtar kerlingabækur, eru konum mikilvæg líkt og handritin eru Íslendingum og leiða fram á sjónarsviðið þá huldukonu sem saga mannsandans gleymdi að segja frá.

Vitundin um að lykillinn að frelsi okkar er fólginn í okkur sjálfum, lífssýn okkar og menningu, hefur hleypt nýju lífi í sköpunarmátt okkar, líkt og sjálfstæðisbaráttan varð uppsprettu margvíslegrar sköpunar á 19. öldinni. Gleðin yfir því að við eignum sameiginlegan arf

sem okkur ber að varðveita og próa, gerir okkur kleift að ryðja úr vegi útelbum fordóum sem hafa gert okkur undirokaðar og háðar þeirri menningu sem hingað til hefur verið einráð.

## Kvennalisti er nýtt stjórnmálaafl

Kvennaframbod er einn angi bessarar sköpunar. Síðstu fjögur árin hefur eitt helgasta vé karlmannsins, stjórmálín, verið vettvangur okkar. Í stað þess að ganga til liðs við karlana á þeirra forsendum, höfum við fetað í fótspor formæðra okkar fyrr á öldinni og skapað okkar eigið pólitíská kerfi. Hreyfing okkar er byggð þannig upp að frumkvæði hverrar konu nýtist sem best, þess vegna er stefna kvennalistans ekki einokuð né mótuð af fáeinum konum. Við þurfum engan formann bar sem við höfum hafnað því þýramídakerfi sem stjórmálamenn telja bráðnauðsynlegt og gerir þorra fólks í þessu landi óvirkt í ákvarðanatökurnu. Við höfum breytt leikreglunum, veitt nýjum starfsaðferðum og sjónarmiðum inn í staðnaðan heimstjórnálannana.

## Konur vilja ekki vera hjáróma raddir í karlakórnum

Sérhver aðferð kvenna til að ná fram rétti sínum hefur verið umdeild, ekki síst meðal kvenna sjálfra. Við skulum ekki gleyma því að Íslendingar voru heldur ekki á eitt sáttir um aðferðir í sjálfstæðisbaráttu sinni fremur en konur eru í dag. Ýmsir frammámmenn töldu að það væri miklu heppilegra fyrir Íslendinga að semja sig að siðum Dana og vildu að við tækjum upp danska þjóðtungu. En aðrir álitu að þetta hokur á þessu guðsvolaða landi væri tilgangslaust og það væri Íslendingum best að flytjast til Jótlends. Þeir Íslendingar voru einnig til sem settu hagsmuni sína ofar hagsmunum þjóðarinnar og unnu gegn mönnum eins og Jónasi og skoðanabräðrum hans.

Við teljum ekki að Kvennalistinn sé eina leið kvenna til að hafa áhrif á samfélag sitt en við teljum þá leið nauðsynlega til að gera sérstöðu okkar sýnilegri í stjórnálum. Við vitum það fullt eins vel og Jónas og félagar hans forðum að án þess að við séum meðvitaðar um þessa sérstöðu verða raddir kvenna alreið annað en hjáróma í karlakórnum. Við getum sungið með en raddir okkar munu ekki verða til að auka á hljómkvíði kórsins né auka raddsvið hans. Til að svo megi verða verður rödd okkar að fá að hljóma sem kvenrödd í hljómkvíðunni án þess að hún reyni að líkja eftir karlröddunum.